

Nd.

368. Frumvarp

til laga um breyting á skiptalögum, nr. 3, 12. apríl 1878.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Töluliður 3 í b-lið 83. gr. laganna orðist þannig:

Skattar og gjöld til rikissjóðs, símagjöld, gjöld til sveitar, prests og kirkju, þó eigi yfir lengri tíma en 2 ár á nndan síðasta gjalddaga fyrir lát hins framliðna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum landssímastjóra G. J. Hlíðdals, og verður að teljast nauðsynleg breyting á fyrirmælum hinna fornu skiptalaga, sem sett voru nær 30 árum áður en firðskeytataeki urðu almenn hérlandis. Eftirfarandi kafli úr bréfi landssímastjóra skýrir bezt þörfina á umræddri laga-breytingu:

„Um lögtaksrétt símagjalda mun ekki vera nokkur efi, enda hefir ráðuneytið fyrir löngu úrskurðað um það atriði. Einnig hafa skiptaráðendur viðurkennt forgangsrétt símagjalda sem annara opinberra gjalda við þrotabúaskipti, þangað til nú að einn af bæjarfógetunum hefir úrskurðað gagnstætt þessu, og við það mun landssíminn tapa talsverðu fé. Að visu er þessi úrskurður byggður á þeim misskilningi, að símagjöld séu gjöld fyrir í té látna vinnu, og mundi honum því ef til vill verða hrundið af æðri dómstól, en ef fleiri skiptaráðendur gengju inn á þessa braut, þá mundi landssíminn og þar með rikissjóður óhjákvæmilega verða fyrir allverulegu tjóni árlega, og er því nauðsynlegt, að það verði skýrt ákveðið í skiptalögum, að símagjöld hafi forgangskröfurétt.

Símagjöld eru gjöld, sem lögð eru eftir opinberri gjaldskrá á þá menn, sem nota tekniskar tilfæringar rikjanna til símtala eða skeytasendinga. Innlands eru gjöld þessi ákveðin af hverju einstöku ríki, en landa á milli og til skipa af alþjóðaráðstefnum. Hvert ríki ber ábyrgð á þeim kröfum, sem önnur ríki eða skip þeirra eignast hjá því á þann hátt. Þannig ber Íslandi t. d. að greiða hinum ýmsu ríkjum mestan hluta af gjöldum fyrir öll skeyti til útlanda, og hvar sem islenskt skip í siglingum hefir haft loftskeytaviðskipti við loftskeytastöðvar annara landa, þá öðlast þau ríki kröfurétt á islenska ríkið fyrir þeim gjöldum, sem þessum viðskiptum fylgja. Oft koma kröfur hinna ýmsu ríkja ekki fyrr en 2–6 mánuðum eftir að skeytaviðskiptin fóru fram, og getur þá auðveldlega farið svo, að viðkomandi firma eða útgerðarfyrirtæki geti ekki greitt eða sé orðið gjaldþrota um það leyti, sem landssíminn krefur gjaldið“.